

**Nd.**

**190. Nefndarátt**

um frv. til laga um aukatekjur rikissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta, sem stjórnin hefir lagt fyrir Alþingi, er breyting á hin-  
um gildandi aukatekjulögum frá 1911. Er breytingin í því fölgín að gjöldin eru  
hækkuð. Sum um helming, svo sem eins og dómsmálagjöld og gjöld fyrir fógeta-  
gerðir, önnur minna og sum ekkert, svo sem eins og þinglestrargjöld, þar sem  
hækkunin er þegar orðin af sjálfu sjer sökum dýrtíðarinnar.

Nefndin verður að vera sömu skoðunar og stjórnin um það, að ástæða  
sje til hækkunar á gjöldum þessum, sökum verðfalls peninga og ekki síður hins,  
hve miklu meira ríkið þarf nú að borga starfsmönnum sínum en áður, fyrir  
samskonar störf.

Nefndin leggur því til, að frv. sje samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. mars 1921.

M. J. Kristjánsson,  
formaður.

Jón A. Jónsson,  
fundaskrifari.

Þórarinn Jónsson,  
framsögumaður.

Jakob Möller. Hákon J. Kristófersson. Þorl. Guðmundsson.

Sveinn Ólafsson.